

**Fylgiskjal.****Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1618**

frá 6. júní 2024

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/763 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar skýrslugjöf til eftirlitsfirvalda og opinbera birtingu á lágmarkskröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>, einkum fimmtu undirgrein 7. mgr. 430. gr. og fimmtu undirgrein 434. gr. a,með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB, og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 <sup>(2)</sup>, einkum fimmtu undirgrein 5. mgr. 45. gr. i og fimmtu undirgrein 6. mgr. 45. gr. i,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2036 <sup>(3)</sup> var innleidd inn í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 krafan um að milliliðir í skilasmæðu skuli draga eignarhluti í eiginfjárgrunnsgerningum og gerningum vegna hæfra skuldbindinga, sem notaðir eru til að fara að kröfunum sem settar eru fram í 92. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 („krafan um innra heildartapþol“ eða „innra TLAC“), eða kröfunni sem sett er fram í 45. gr. f í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB <sup>(4)</sup> („innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar“ eða „innra MREL“), frá liðum vegna hæfra skuldbindinga ef þessir eiginfjárgrunnsgerningar og gerningar vegna hæfra skuldbindinga eru gefnar út af einingum sem ekki eru sjálfar skilaaðilar og tilheyra sömu skilasmæðu. Því er nauðsynlegt að endurspeglja þessa kröfu um frádrátt í sniðmátum fyrir opinbera birtingu samræmdra upplýsinga um innra TLAC eða innra MREL sem sett eru fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/763 <sup>(5)</sup>. Einnig skal þessi krafa um frádrátt koma fram í samræmdu upplýsingunum sem veittar eru lögbærum yfirlitum og skilastjórnvöldum.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/575/oj>.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2014/59/oj>.

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2036 frá 19. október 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2014/59/ESB að því er varðar varfærnismedferð á kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu með margvíða skilastefnu og aðferðir fyrir óbeina áskrift að gerningum sem eru hæfir til að uppfylla lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (Stjtið. ESB L 275, 25.10.2022, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2022/2036/oj>)

<sup>(4)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2014/59/oj>).

<sup>(5)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/763 frá 23. apríl 2021 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar skýrslugjöf til eftirlitsfirvalda og opinbera birtingu á lágmarkskröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (Stjtið ESB L 168, 12.5.2021, bls. 1, ELI: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2021/763/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/763/oj)).

- 2) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1174 <sup>(6)</sup> um breytingu á tilskipun 2014/59/ESB og reglugerð (ESB) nr. 806/2014 að því er varðar tiltekna þætti lágmarkskröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar var kröfunni um frádrátt sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 breytt enn frekar með því að tilgreina í tilskipun 2014/59/ESB og reglugerð (ESB) nr. 806/2014 að milliliðir í skilasmæðu skuli aðeins draga frá eignarhlutdeild sína í eiginfjárgrunnsgerningum sem gefnir eru út af einingum í skiptameðferð sem tilheyra sömu skilasmæðu og eru ekki sjálfar skilaaðilar, með fyrirvara um tiltekin skilyrði sem varða mikilvægi eignarhlutdeildarinnar. Þessar breytingar skulu einnig endurspeglast í samræmdu upplýsingunum sem veittar eru í sniðmátum fyrir opinbera birtingu og skýrslugjöf til lögbærra yfirvalda og skilastjórnvalda.
- 3) Einingar sem falla undir kröfunar sem settar eru fram í 92. gr. a eða 92. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 („TLAC-krafa“) eða kröfunna sem sett er fram í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB („MREL“) geta, að fenginni fyrirframheimild skilastjórnvalds þeirra, keypt, innleyst, endurgreitt eða endurkeypt gerninga vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 78. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Fjárhæðir sem falla undir slíka heimild draga úr getu einingarinnar til að uppfylla MREL- eða TLAC-kröfunna. Af þeim sökum þykir nauðsynlegt að tilgreina hvernig skuli endurspeglá áhrifin af slíkri heimild við opinbera birtingu og skýrslugjöf til lögbærra yfirvalda og skilastjórnvalda.
- 4) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/763 til samræmis við það.
- 5) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska bankaefirlitstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 6) Evrópska bankaefirlitstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 <sup>(7)</sup>.
- 7) Til að veita einingum sem falla undir skylduna til að leggja fyrir skýrslu eða birta upplýsingar í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 eða tilskipun 2014/59/ESB nægan tíma til að aðlagast breytingum á sniðmátum og samræmdu upplýsingum ættu breytingarnar að öðlast gildi sex mánuðum eftir gildistökudag hennar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

#### **Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/763**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/763 er breytt sem hér segir:

- 1) Sniðmát M 02.00 og M 03.00, sem sett eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð, koma í stað sniðmáta M 02.00 og M 03.00 sem sett eru fram í I. viðauka.
- 2) Í stað II. viðauka kemur texti II. viðauka við þessa reglugerð.
- 3) Sniðmát EU TLAC1 og EU ILAC, sem sett eru fram í III. viðauka við þessa reglugerð, koma í stað sniðmáta EU TLAC1 og EU ILAC sem sett eru fram í III. viðauka.
- 4) Í stað VI. viðauka kemur texti IV. viðauka við þessa reglugerð.

<sup>(6)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1174 frá 11. apríl 2024 um breytingu á tilskipun 2014/59/ESB og reglugerð (ESB) nr. 806/2014 að því er varðar tiltekna þætti lágmarkskröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (Stjtið. ESB L, 2024/1174, 22.4.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2024/1174/oj>).

<sup>(7)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitstofnun (Evrópska bankaefirlitstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj>).

2. gr.

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 27. desember 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júní 2024.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

—

I. VÍÐAUKI

SKÝRSLUGJÓF UM LÁGMARKSKRÓFU UM EIGNINFJÁRGRUNN OG HÆFAR SKULDBINDINGAR

NÚMER SNIDMÁTS	KÓÐI SNIDMÁTS	SNIDMÁT FYRIR LÁGMARKSKRÓFU UM EIGNINFJÁRGRUNN OG HÆFAR SKULDBINDINGAR OG HEILDARTAPPOL	HEITTI SNIDMÁTS/HÓPS SNIDMÁTA	STYTT HEITI
		<b>FJÁRHÆÐIR: LYKILMÆLISTIKUR LÁGMARKSKRÓFU UM EIGNINFJÁRGRUNN OG HÆFAR SKULDBINDINGAR OG HEILDARTAPPOL</b>		
1	M 01.00	Lykilmælistikur fyrir lágmærskrófu um eigninfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartappol (skiliasamstæður / aðilar í skilaaðili)		KM2
		<b>SAMSETNING OG LÍFTÍMI</b>		
2	M 02.00	Geta og samsetning lágmærskrófu um eigninfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartappol (skiliasamstæður / aðilar í skilaaðili)		TLAC1
3	M 03.00	Innri lágmærskrafa um eigninfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og innra heildartappol		ILAC
4	M 04.00	Fjármögnunarskipulag hæfra skuldbindinga		LIAB-MREL
		<b>FORGANGSRÖÐUN LÁNARDROTTINS</b>		
5	M 05.00	Forgangsröðun lánaðrottins (aðili sem er ekki skilaaðili)		TLAC2
6	M 06.00	Forgangsröðun lánaðrottins (skilaaðilar)		TLAC3
		<b>SÉRTÆKAR UPPLÝSINGAR FYRIR HVERN SAMNING</b>		
7	M 07.00	Gerningar sem falla undir lög þrjúja lands		MTCI

**M 01.00 – Lykilmælistikur fyrir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartappöl (skilasamstæður / aðilar í skilameðferð) (KM2)**

		Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)	Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (heildartappöl)
		0010	0020
<b>Fjárhæð heildaráhættugrunns og heildarmælistærð áhættuskuldbindingar</b>			
0100	HEILDARÁHÆTTUGRUNNUR (TREA)		
0110	HEILDARMÆLISTÆRÐ ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR (TEM)		
<b>Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar</b>			
0200	EIGINFJÁRGRUNNUR OG HÆFAR SKULDBINDINGAR		
0210	Þar af: eiginfjárgrunnur og víkjandi skuldir		
0220	Þar af: sem falla undir lög þriðja lands		
0230	Þar af: sem innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB		
<b>Aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar</b>			
0250	AÐRAR EFTIRGEFANLEGAR SKULDBINDINGAR		
0260	Þar af: sem falla undir lög þriðja lands		
0270	Þar af: sem innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB		
0280	Eftirstöðvatími < 1 ár		
0285	Eftirstöðvatími ≥ 1 ár og < 2 ár		
0290	Eftirstöðvatími ≥ 2 ár		
<b>Hlutfallstölur og undanþágur frá forgangsróðun</b>			
0300	EIGINFJÁRGRUNNUR OG HÆFAR SKULDBINDINGAR SEM HLUTFALL AF HEILDARÁHÆTTUGRUNNI		
0310	Þar af: eiginfjárgrunnur og víkjandi skuldir		
0320	EIGINFJÁRGRUNNUR OG HÆFAR SKULDBINDINGAR SEM HLUTFALL AF HEILDARMÆLISTÆRÐ ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR		
0330	Þar af: eiginfjárgrunnur og víkjandi skuldir		

		Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)	Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (heildartappöl)
		0010	0020
0340	Gildir undanþágan frá forgangsröðun sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013? (5% undanþága)		

		Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)	Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (heildartappöl)
		0010	0020
0350	Heildarfjárhæð heimilaðra gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem ekki eru víkjandi, ef ákvörðunarrétti að því er varðar forgangsröðun sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er beitt (undanþága að hámarki 3,5%)		
0360	Hluttur heildarskuldbindinga sem ekki eru víkjandi og teknar með í eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar		

**M 02.00 – Geta og samsetning lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartappöl (skilasamstæður / aðilar í skilameðferð) (TLAC1)**

		Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)	Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (TLAC)	Minnisatriði: Hæfar fjárhæðir að því er varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar en ekki heildartappöl
		0010	0020	0030
0010	<b>EIGINFJÁRGRUNNUR OG HÆFAR SKULDBINDINGAR</b>			
0020	<b>(Hæfur) eiginfjárgrunnur</b>			
0030	<b>Almennt eigið fé þáttar 1</b>			
0040	<b>(Hæft) viðbótareigiðfé þáttar 1</b>			
0050	<b>(Hæfur) eiginfjárþáttur 2</b>			
0060	<b>Hæfar skuldbindingar</b>			
0070	<b>Liðir hæfra skuldbindinga fyrir leiðréttingar</b>			
0080	Þar af: hæfar skuldbindingar sem taldar eru skipulagslega víkjandi			
0090	Hæfar skuldbindingar sem eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum			

		Lágmarks- krafa um eigin- fjárgrunn og hæfar skuld- bindingar (MREL)	Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (TLAC)	Minnisatriði: Hæfar fjár- hæðir að því er varðar lág- markskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuld- bindingar en ekki heildar- tappöl
		0010	0020	0030
0100	Gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem skilaaðili gefur út beint (sem eldri reglur gilda ekki um)			

		Lágmarks- krafa um eigin- fjárgrunn og hæfar skuld- bindingar (MREL)	Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (TLAC)	Minnisatriði: Hæfar fjár- hæðir að því er varðar lág- markskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuld- bindingar en ekki heildar- tappöl
		0010	0020	0030
0110	Gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem aðrir aðilar innan skiliasamstæðunnar gefa út (sem eldri reglur gilda ekki um)			
0120	Gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem gefnir voru út fyrir 27. júní 2019			
0130	Gerningar undir þætti 2 með a.m.k. eins árs eftirstöðvatíma, að því marki sem þeir eru ekki hæfir sem liðir þáttar 2			
0132	(-) Eigin gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum			
0135	(-) þar af: ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykktra heimilda			
0140	Hæfar skuldbindingar sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum			
0150	Hæfar skuldbindingar sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum (sem eldri reglur gilda ekki um, fyrir beitingu þaks)			
0160	Hæfar skuldbindingar sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum, gefnum út fyrir 27. júní 2019 (fyrir beitingu þaks)			
0162	(-) Eigin gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum			
0165	(-) þar af: ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykktra heimilda			
0170	Hæfar fjárhæðir eftir beitingu þaksins skv. 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (sem eldri reglur gilda ekki um)			
0180	Hæfar fjárhæðir eftir beitingu þaksins skv. 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem samanstanda af liðum útgefnum fyrir 27. júní 2019			
0190	<b>(-) Frádráttur</b>			

		Lágmarks- krafa um eigin- fjárgrunn og hæfar skuld- bindingar (MREL)	Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (TLAC)	Minnisatriði: Hæfar fjár- hæðir að því er varðar lág- markskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuld- bindingar en ekki heildar- tappöl
		0010	0020	0030
0200	(-) Áhættuskuldbindingar milli skilasamstæðna í margvöldri skilaaðgerð			
0211	(-) Fjárfestingar í öðrum gerningum vegna hæfra skuldbindinga			

		Lágmarks- krafa um eigin- fjárgrunn og hæfar skuld- bindingar (MREL)	Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (TLAC)	Minnisatriði: Hæfar fjár- hæðir að því er varðar lág- markskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuld- bindingar en ekki heildar- tappöl
		0010	0020	0030
0220	Frádráttur frá hæfum skuldbindingum sem fer umfram hæfar skuldbindingar (frádráttur frá þætti 2)			
<b>MINNISATRIÐI</b>				
0400	Almennt eigið fé þáttar 1 (%) sem er tiltækt eftir að kröfur aðilans hafa verið uppfylltar			
0410	Samanlögð krafa um eiginfjáruka (%)			
0420	þar af: krafa um verndunarauka			
0430	þar af: krafa um sveiflujöfnunarauka			
0440	þar af: krafa um eiginfjáruka vegna kerfisáhættu			
0450	þar af: Eiginfjáruki fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (G-SII) eða aðra kerfislega mikilvæga stofnun (O-SII)			
0460	<b>Fjárfestingar í vikjandi hæfum skuldbindingum annarra stofnana</b>			
0470	Fjárfestingar í vikjandi hæfum skuldbindingum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu			
0480	Fjárfestingar í vikjandi hæfum skuldbindingum annarra kerfislega mikilvægra stofnana			
0490	Fjárfestingar í vikjandi hæfum skuldbindingum annarra stofnana			
0500	<b>Undanþegnar skuldir</b>			
0600	<b>Sértæk heimild fyrir liði hæfra skuldbindinga: Fyrirframákvörðuð fjárhæð</b>			

		Lágmarks- krafa um eigin- fjárgrunn og hæfar skuld- bindingar (MREL)	Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (TLAC)	Minnisatriði: Hæfar fjár- hæðir að því er varðar lág- markskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuld- bindingar en ekki heildar- tappöl
		0010	0020	0030
0610	Almennt fyrirframleyfi fyrir liði hæfra skuldbindinga: Fyrirfram- ákvörðuð fjárhæð			

**M 03.00 – Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) og innra heildartappöl (ILAC)**

		Innri lágmarks- krafa um eigin- fjárgrunn og hæfar skuld- bindingar	Innra heildar- tappöl
		0010	0020
0010	<b>Beitingarstig</b>		
	<b>Fjárhæð heildaráhættugrunns og heildarmælistærð áhættuskuldbindingar</b>		
0100	<b>Heildaráhættugrunnur</b>		
0110	<b>Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar</b>		
	<b>Hæfur eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar</b>		
0200	<b>Hæfur eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar</b>		
0210	<b>Hæfur eiginfjárgrunnur</b>		
0220	Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)		
0230	Hæft viðbótareigiðfé þáttar 1		
0240	Hæfur eiginfjárbáttur 2		
0250	<b>Hæfar skuldbindingar og tryggingar</b>		
0260	Hæfar skuldbindingar (að undanskildum tryggingum)		
0265	(-) Eigin gerningar vegna hæfra skuldbindinga: Ónotaðar fjárhæðir fyrirfram- samþykktra heimilda		
0270	Tryggingar sem skilaaðili leggur fram og skilastjórnvaldið heimilar		
0280	Minnisatriði: Vedsettur hluti tryggingarinnar		
0290	(-) Eiginfjárgrunnsgerningar og gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem gefnir eru út af einingum sem eru ekki skilaaðilar sömu skilasamstæðu		
0293	(-) þar af: Eiginfjárgrunnsgerningar gefnir út af einingum í skiptameðferð		
0295	Frádráttur frá hæfum skuldbindingum sem fer umfram hæfar skuldbindingar		
	<b>Hlutfallstölur hæfs eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga</b>		
0400	<b>Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildaráhættugrunni</b>		
0410	þar af: heimilaðar tryggingar		
0420	<b>Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildarmælistærð á- hættuskuldbindingarinnar</b>		
0430	þar af: heimilaðar tryggingar		

		Innri lágmarks- krafa um eigin- fjárgrunn og hæfar skuld- bindingar	Innra heildar- tapþol
		0010	0020
0440	Almennt eigið fé þáttar 1 (%) sem er tiltækt eftir að kröfur aðilans hafa verið uppfylltar		
	<b>Minnisatriði</b>		
0500	Samanlögð krafa um eiginfjáruka (%)		
0510	þar af: krafa um verndunarauka		
0520	þar af: krafa um sveiflujöfnunarauka		
0530	þar af: krafa um eiginfjáruka vegna kerfisáhættu		
0540	þar af: Eiginfjáruki fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (G-SII) eða aðra kerfislega mikilvæga stofnun (O-SII)		
0550	<b>Aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar</b>		
0560	þar af: sem falla undir lög þriðja lands		
0570	þar af: sem innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB		
0580	Eftirstöðvatími < 1 ár		
0590	Eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár		
0600	Eftirstöðvatími >= 2 ár		
0610	<b>Undanþegnar skuldir</b>		
0620	<b>Eiginfjárgrunnsgerningar sem gefnir eru út af einingum í skiptameðferð innan sömu skilasmæðu</b>		
0630	<b>Hlutfall eignarhlutdeildar í eiginfjárgrunnsgerningum sem gefnir eru út af einingum í skiptameðferð af hæfum eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum</b>		

**M 04.00 – Fjármögnunarskipulag hæfra skuldbindinga (LIAB MREL)**

		Hæf fjárhæð fyrir lág- markskröfu um eiginfjár- grunn og hæfar skuldbindingar / innri lágmarkskröfu um eigin- fjárgrunn og hæfar skuldbindingar
		0010
<b>0100</b>	<b>HÆFAR SKULDBINDINGAR</b>	
<b>0200</b>	<b>Innstæður, ekki tryggðar og ekki með forgangi &gt;= 1 ár</b>	

		Hæf fjárhæð fyrir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar / innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar
		0010
0210	þar af: eftirstöðvatími $\geq$ 1 ár og $<$ 2 ár	
0220	þar af: eftirstöðvatími $\geq$ 2 ár	
0230	þar af: útgefnar af dótturfélögum	

		Hæf fjárhæð fyrir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar / innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar
		0010
<b>0300</b>	<b>Óveðsettar tryggðar skuldbindingar &gt;= 1 ár</b>	
0310	þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár	
0320	þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár	
0330	þar af: útgefnar af dótturfélögum	
<b>0400</b>	<b>Samsettar skuldaviðurkenningar &gt;= 1 ár</b>	
0410	þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár	
0420	þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár	
0430	þar af: útgefnar af dótturfélögum	
<b>0500</b>	<b>Ótryggðar forgangsskuldbindingar &gt;= 1 ár</b>	
0510	þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár	
0520	þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár	
0530	þar af: útgefnar af dótturfélögum	
<b>0600</b>	<b>Víkjandi forgangsskuldbindingar &gt;= 1 ár</b>	
0610	þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár	
0620	þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár	
0630	þar af: útgefnar af dótturfélögum	
<b>0700</b>	<b>Víkjandi skuldir (ekki færðar sem eiginfjárgrunnur) &gt;= 1 ár</b>	
0710	þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár	
0720	þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár	
0730	þar af: útgefnar af dótturfélögum	
<b>0800</b>	<b>Aðrar hæfar skuldbindingar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar &gt;= 1 ár</b>	
0810	þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár	
0820	þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár	

		Hæf fjárhæð fyrir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar / innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar
		0010
0830	þar af: útgefnar af dótturfélögum	

**M 05.00 – Forgangsröðun lánaðrottins (aðili sem er ekki skilaaðili) (TLAC2)**

Rétthæð vegna ógjaldfærni	Tegund lánaðrottins	Lýsing á rétt-hæð vegna ógjaldfærni	Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur		Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur að frádrögnum undanþegnum skuldum						
			par af: undanþegnar skuldir	par af: eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar að því er varðar innri lágmarksrófu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar	par af: með eftirstöðvatíma			par af: skuldbréf með ótakmarkaðan gildistíma			
					≥ 1 ár < 2 ár	≥ 2 ár < 5 ár	≥ 5 ár < 10 ár		≥ 10 ár		
0010	0020	0030	0040	0050	0060	0070	0080	0090	0100	0110	0120

**M 06.00 – Forgangsröðun lánaðrottins (skilaaðilar) (TLAC3)**

Rétthæð vegna ógjaldfærni	Lýsing á rétt-hæð vegna ógjaldfærni	Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur		Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur að frádrögnum undanþegnum skuldum						
		par af: undanþegnar skuldir	par af: eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem mögulega eru hæfar til að uppfylla lágmarksrófu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar	par af: með eftirstöðvatíma			par af: skuldbréf með ótakmarkaðan gildistíma			
				≥ 1 ár < 2 ár	≥ 2 ár < 5 ár	≥ 5 ár < 10 ár		≥ 10 ár		
0010	0020	0030	0040	0050	0060	0070	0080	0090	0100	0110

M 07.00 – Gerningar sem falla undir lög þriðja lands (MITCI)

Heiti	Útgáfuæðli		Auðkenni samnings	Gildandi lög (þriðja land)	Samningsbundin viðurkenning niður-færslu- og umbreyt-ingarheimilda	Stjórnarsýsluleg meðferð		Fjárhæð	Rétt hæð við hefðbundna ógjaldfærni meðferð		Líftími	(Fyrsti) inn-lausnar-dagur	Stjórnvalds-leg innlausn (Já/Nei)
	Kóði	Tegund kóða				Tegund eignifjár-grunnis eða hæfra skuldbindinga	Tegund gern-ings		Gildandi lög	Rétt hæð vegna ógjaldfærni			
0010	0020	0030	0040	0050	0060	0070	0080	0090	0100	0110	0120	0130	0140

## II. VIÐAUKI

## SKÝRSLUGJÖF UM LÁGMARKSKRÖFUR UM EIGINFJÁRGRUNN OG HÆFAR SKULDBINDINGAR – LEIÐBEININGAR

## I. HLUTI

## ALMENNAR LEIÐBEININGAR

## 1. Skipulag og venjur

## 1.1. Skipulag

1. Þessi skýrslugjafarammi um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþol samanstendur af fjórum flokkum sniðmáta:
  - a) fjárhæðir: lykilmælistikur lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþol,
  - b) samsetning og líftími,
  - c) forgangs röðun lánardrottins,
  - d) sértækar upplýsingar fyrir hvern samning.
2. Lagastöð er veitt fyrir hvert sniðmát. Nánari upplýsingar varðandi almenn atriði í skýrslugjöfnum um hvert mengi sniðmáta og leiðbeiningar að því er varðar tiltekna stöður eru í þessum hluta.

## 1.2. Tölusetning

3. Skjalið fylgir venju við merkingu sem sett er fram í a- til d-liðum, þegar vísað er til dálka, lína og reita sniðmátanna. Þessir talnakóðar eru notaðir í miklum mæli í sannprófunarreglunum sem skilgreindar eru í samræmi við III. viðauka.
  - a) eftirfarandi almennum táknum er fylgt: {Sniðmát; Lína; Dálkur},
  - b) tilvísanir inni í sniðmáti innihalda ekki upplýsingar um sniðmátið: {Lína; Dálkur},
  - c) ef um er að ræða sniðmát með eingöngu einum dálki er eingöngu vísað til lína: {Sniðmát; Lína},
  - d) stjörnumerki er notað til að sýna að tilvísunin nái yfir línurnar eða dálkana sem áður voru tilgreind.

## 1.3. Formerkjasetning

4. Sérhver fjárhæð sem hækkar eiginfjárgrunninn og hæfu skuldbindingarnar, áhættuvegnu fjárhæðir áhættuskuldbindingarinnar, vogunarhlutfall mælistærðar áhættuskuldbindingarinnar eða kröfurnar skal tilgreind sem jákvæð tala. Aftur á móti skal sérhver fjárhæð sem lækkar eiginfjárgrunninn og hæfu skuldbindingarnar, áhættuvegnu fjárhæðir áhættuskuldbindingarinnar, vogunarhlutfall mælistærðar áhættuskuldbindingarinnar eða kröfurnar vera tilgreind sem neikvæð tala. Ef neikvætt formerki (-) kemur á undan merkingu liðar, er ekki reiknað með að jákvæð tala sé tilgreind fyrir þann lið.

## 1.4. Skammstafanir og skilgreiningar

5. Eftirfarandi skammstafanir og skilgreiningar gilda að því er varðar viðaukana við þessa reglugerð:
  - a) „MREL“: lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,

- b) „TLAC“: vísar til krafanna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (G-II) skv. 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- c) „Innra TLAC“: vísar til kröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu utan Sambandsins skv. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- d) „Innri MREL“: vísar til lágmarkskröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem beitt er á aðila sem eru ekki skilaaðilar sjálfir skv. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB,
- e) „ónotuð fjárhæð fyrirframsamþykktar heimildar“: fjárhæðin sem fellur undir fyrirframsamþykki um að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa eiginfjárgrunnsgerninga í samræmi við 78. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða gerninga vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 78. gr. a í þeirri reglugerð, að því marki sem sá skýrslugjafi aðili hefur enn ekki fullnýtt þá fjárhæð til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa gerninga. Ef heimildin er sértæk og vísar til innkallanlegra gerninga þar sem ekki er fullnægjandi víska um að viðkomandi kaupréttur verði nýttur, skal ónotuð fjárhæð fyrirframsamþykktar heimildar vera án slíkra gerninga,
- f) „ónotuð fjárhæð sértækrar heimildar“: fjárhæðin sem fellur undir sértæka heimild til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa tiltekna eiginfjárgrunnsgerninga í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 78. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ásamt 5. mgr. 28. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2014 <sup>(1)</sup> eða tiltekna gerninga vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 78. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 ásamt 2. mgr. 32. gr. b í framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014, eftir því sem við á, að því marki sem sá skýrslugjafi aðili hefur enn ekki fullnýtt þá fjárhæð til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa þessa gerninga. Ef heimildin vísar til innkallanlegra gerninga þar sem ekki er fullnægjandi víska um að viðkomandi kaupréttur verði nýttur, skal ónotuð fjárhæð fyrirframsamþykktar heimildar vera án slíkra gerninga,
- g) „ónotuð fjárhæð af almennri heimild“ eða „ónotuð fjárhæð af fyrirframsamþykktri heimild“: fjárhæðin sem fellur undir fyrirframheimild til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa tiltekna eiginfjárgrunnsgerninga í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 78. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ásamt 3. mgr. 28. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 241/2014 eða tiltekna gerninga vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 78. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 ásamt 3. og 5. mgr. 32. gr. b í framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014, eftir því sem við á, að því marki sem sá skýrslugjafi aðili hefur enn ekki fullnýtt þá fjárhæð til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa þessa gerninga.

## II. HLUTI

### LEIÐBEININGAR SEM VARÐA SNIÐMÁT

1. Fjárhæðir: M 01.00 – Lykilmælistikur fyrir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartappöl (KM2)
  - 1.1. Almennar athugasemdir
    1. Aðilar sem falla undir lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skulu færa inn í dálkinn sem vísar til lágmarkskrafna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45. gr. e tilskipunar 2014/59/ESB. Eingöngu þeir aðilar sem ber skylda til að uppfylla kröfuna sem mælt er fyrir um í 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu tilgreina liði sem vísa til kröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (heildartappöl).

<sup>(1)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2014 frá 7. janúar 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsaðla fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunn stofnana (Stjtið. ESB L 74, 14.3.2014, bls. 8, ELI: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_del/2014/241/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_del/2014/241/oj)).

## 1.2. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður

Dálkar	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	<b>Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)</b> Ákvæði 45. gr. og 45. gr. e tilskipunar 2014/59/ESB
0020	<b>Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (heildartapþol)</b> Ákvæði 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013
Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0100–0120	<b>Fjárhæð heildaráhættugrunns og heildarmælistærð áhættuskuldbindingar</b>
0100	<b>Heildaráhættugrunnur</b> Ákvæði a-liðar 2. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Heildaráhættugrunnurinn sem tilgreindur er í þessari línu skal vera heildaráhættugrunnurinn sem er grunnurinn að reglufylgni við kröfurnar í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eftir því sem við á.
0110	<b>Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar</b> Ákvæði 45. gr. (b-liðar 2. mgr.) tilskipunar 2014/59/ESB, 429. gr. (4. mgr.) og 429. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar sem tilgreind er í þessari línu skal vera heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar sem er grunnurinn að reglufylgni við kröfurnar í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eftir því sem við á.
0200–0230	<b>Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar</b>
0200	<b>Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar</b> <i>Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar</i> Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem reiknuð er með í lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skal tilgreind sem samtalan á: i. eiginfjárgrunni eins og hann er skilgreindur í 118. lið 1. mgr. 4. gr. og 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ii. hæfum skuldbindingum eins og skilgreindar eru í lið 71a í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. <i>Heildartapþol (TLAC)</i> Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem reiknuð er með í kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (heildartapþol) skal vera fjárhæðin sem um getur í 72. gr. l reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem samanstendur af: i. eiginfjárgrunni eins og hann er skilgreindur í 118. lið 1. mgr. 4. gr. og 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ii. hæfum skuldbindingum í samræmi við 72. gr. k reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0210	<p><b>Þar af: eiginfjárgrunnur og víkjandi skuldir</b></p> <p>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og víkjandi hæfar skuldbindingar sem reiknuð er með í lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skal tilgreind sem samtalan á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>i. eiginfjárgrunni eins og hann er skilgreindur í 118. lið 1. mgr. 4. gr. og 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,</li> <li>ii. hæfum skuldbindingum sem teknar eru með í fjárhæðina fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB, sem eru víkjandi hæfir gerningar eins og skilgreint er í 71. lið b 1. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar,</li> <li>iii. skuldbindingum sem teknar eru með í fjárhæðina fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 3. mgr. 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB.</li> </ul> <p>Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.</p> <p>Að því er varðar undirskipaðar hæfar skuldbindingar skulu fjárhæðirnar sem tilkynnt er um vera fjárhæðirnar að frádreginni</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>i. eftir atvikum, eignarhlutdeild í eigin undirskipuðum gerningum vegna hæfra skuldbindinga, eins og um getur a-lið 1. mgr. 72. gr. e í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og</li> <li>ii. ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykktar heimildar, að því marki sem viðkomandi fyrirframsamþykki tekur til víkjandi skuldagerninga í almennum eða sértekum víkjandi skuldagerningi.</li> </ul>
0220	<p><b>Þar af: sem falla undir lög þriðja lands</b></p> <p>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem falla undir lög þriðja lands eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.</p> <p>Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir að frádreginni:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>i. eignarhlutdeild í eigin gerningum vegna hæfra skuldbindinga, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 72. gr. e reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og eignarhlutdeild í eiginfjárgrunnsgerningum, eins og um getur í 36. gr. (f-liður 1. mgr.), 56. gr. (a-liður) og 66. gr. (a-liður) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem fellur undir lög þriðja lands og</li> <li>ii. ónotuð fjárhæð sértækrar heimildar, að því marki sem fyrirframsamþykkið tekur til eiginfjárgrunnsgerninga eða tiltekinnna gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem falla undir lög þriðja lands.</li> </ul>
0230	<p><b>Þar af: sem innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB</b></p> <p>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem falla undir lög þriðja lands og innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.</p> <p>Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir að frádreginni:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>i. eignarhlutdeild í eigin gerningum vegna hæfra skuldbindinga, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 72. gr. e reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og eignarhlutdeild í eiginfjárgrunnsgerningum, eins og um getur í 36. gr. (f-liður 1. mgr.), 56. gr. (a-liður) og 66. gr. (a-liður) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem fellur undir lög þriðja lands og inniheldur niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og</li> <li>ii. ónotaðri fjárhæð sértækrar heimildar, að því marki sem viðkomandi heimild tekur til eiginfjárgrunnsgernings eða tiltekinnna gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem falla undir lög þriðja lands og innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.</li> </ul>
0250–0290	<p><b>Aðrar eftirgefalegar skuldbindingar</b></p> <p>Aðilar sem, á skiladegi þeirra upplýsinga, eiga fjárhæðir í eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum sem svara til a.m.k. 150% kröfunnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB skulu undanþegnir því að tilkynna upplýsingarnar í línunum 0250 til 0290. Slíkir aðilar geta að eigin frumkvæði valið að tilgreina þær upplýsingar í þessu sniðmáti.</p> <p>Ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykktar heimildar, að því marki sem heimildin tekur til gernings vegna hæfra skuldbindinga, teljast sem aðrar eftirgefalegar skuldbindingar að því er varðar þessar línur.</p>

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0250	<b>Aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar</b> Fjárhæðin fyrir eftirgefanlegar skuldbindingar, eins og skilgreint er í 71. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, sem ekki er tekin með í eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45. gr. b þeirrar tilskipunar.
0260	<b>Þar af: sem falla undir lög þriðja lands</b> Fjárhæðin fyrir aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar sem falla undir lög þriðja lands eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
0270	<b>Þar af: sem innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB</b> Fjárhæðin fyrir aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar sem falla undir lög þriðja lands og innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
0280–0290	<b>Sundurliðun annarra eftirgefanlegra skuldbindinga samkvæmt eftirstöðvatíma</b>
0280	Eftirstöðvatími < 1 ár
0285	Eftirstöðvatími $\geq$ 1 ár og < 2 ár
0290	Eftirstöðvatími $\geq$ 2 ár
0300–0360	<b>Hlutfallstölur og undanþágur frá forgangsröðun</b>
0300	<b>Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildaráhættugrunni</b> Að því er varðar þessa línu skal fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem tilgreind er í línu 0200, gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni, reiknað út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
0310	<b>Þar af: eiginfjárgrunnur og víkjandi skuldir</b> Að því er varðar þessa línu skal fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og víkjandi hæfar skuldbindingar sem tilgreind er í línu 0210, gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni, reiknaður út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
0320	<b>Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar</b> Að því er varðar þessa línu skal fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í línu 0200 gefin upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar, reiknuð út í samræmi við 4. mgr. 429. gr. og 429. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
0330	<b>Þar af: eiginfjárgrunnur og víkjandi skuldir</b> Að því er varðar þessa línu skal fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og víkjandi hæfar skuldbindingar sem tilgreind er í línu 0210, gefin upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar, reiknað út í samræmi við 4. mgr. 429. gr. og 429. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0340	<p><b>Gildir undanþágan frá forgangsröðun sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013? (5% undanþága)</b></p> <p>Eingöngu aðilar sem falla undir kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (kröfu um heildartapþol) skulu fylla út þessa línu.</p> <p>Ef skilastjórnvaldið heimilar að skuldbindingar teljist vera gerningar vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 4. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal gagnaskilaaðilinn setja „já“ í dálk 0020.</p> <p>Ef skilastjórnvaldið heimilar ekki að skuldbindingar teljist vera gerningar vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 4. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal gagnaskilaaðilinn setja „nei“ í dálk 0020.</p> <p>Þar sem undanþágurnar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eru gagnkvæmt útilokandi skal ekkert sett í þessa línu ef gagnaskilaaðilinn hefur fyllt út í {r0350}.</p>
0350	<p><b>Heildarfjárhæð heimilaðra gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem ekki eru víkjandi, ef ákvörðunarrétti að því er varðar forgangsröðun sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er beitt (undanþága að hámarki 3,5%)</b></p> <p>Heildarfjárhæð skulda sem ekki eru víkjandi og skilastjórnvaldið hefur heimilað að teljist gerningar vegna hæfra skuldbindinga að því er varðar kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (heildartapþol) í samræmi við 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða sem teljast hæfir skv. 3. mgr. 494. gr. þeirrar reglugerðar.</p> <p>Þar sem undanþágurnar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eru gagnkvæmt útilokandi skal ekkert sett í þessa línu ef gagnaðilinn setur „já“ í {r0340,c0020}.</p>
0360	<p><b>Hlutur heildarskuldbindinga sem ekki eru víkjandi og teknar með í eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar</b></p> <p>Eingöngu aðilar sem falla undir kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (kröfu um heildartapþol) skulu fylla út þessa línu.</p> <p>Ef þak er á undanþágu frá forgangsröðun, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu aðilar tilgreina:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>i. fjárhæðina fyrir útgefnar skuldbindingar sem flokkast jafngild undanþegnum skuldum eins og um getur í 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og tekin með í fjárhæðina sem tilgreind er í línu 0200 (eftir beitingu þaksins),</li> <li>ii. deilt með fjárhæðinni fyrir útgefnar skuldbindingar sem flokkast jafngild undanþegnum skuldum eins og um getur í 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og færð væri undir línu 0200 ef engu þaki væri beitt.</li> </ol>

## 2. Samsetning og líftími

2.1. M 02.00 – Geta og samsetning lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþol (skilastæður og aðilar í skilameðferð) (TLAC1)

### 2.1.1. Almennar athugasemdir

2. Sníðmát M 02.00 – Geta og samsetning lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþol (skilastæður og aðilar í skilameðferð) (TLAC1) veitir nánari upplýsingar um samsetningu eiginfjárgrunnsins og hæfra skuldbindinga.
3. Aðilar sem falla undir lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skulu færa inn í dálkinn sem vísar til lágmarkskrafna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45. gr. e tilskipunar 2014/59/ESB. Eingöngu þeir aðilar sem ber skylda til að uppfylla kröfuna sem mælt er fyrir um í 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu tilgreina liði sem vísa til kröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (heildartapþol).

## 2.1.2. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	<b>Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)</b> Ákvæði 45. gr. og 45. gr. e tilskipunar 2014/59/ESB.
0020	<b>Kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (heildartapþol)</b> Ákvæði 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
0030	<b>Minnisatriði: Hæfar fjárhæðir að því er varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar en ekki heildartapþol</b> Eingöngu aðilar sem falla undir kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (kröfu um heildartapþol) skulu færa inn í þennan dálk. Þessi dálkur skal endurspeglja mismuninn á milli fjárhæða eiginfjárgrunns og skuldbindinga sem hæfar eru til að uppfylla kröfuna sem mælt er fyrir um í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, í samræmi við 45. gr. e þeirrar tilskipunar, og fjárhæðarinnar fyrir eiginfjárgrunn og skuldbindingar sem hæfar eru til að uppfylla kröfuna sem mælt er fyrir um í 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	<b>EIGINFJÁRGRUNNUR OG HÆFAR SKULDBINDINGAR</b> Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar að því er varðar 45. gr. e tilskipunar 2014/59/ESB og 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 <i>Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar</i> Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem reiknuð er með í lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skal tilgreind sem samtalan á: i. eiginfjárgrunni eins og hann er skilgreindur í 118. lið 1. mgr. 4. gr. og 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ii. hæfum skuldbindingum eins og skilgreindar eru í lið 71a í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. <i>Heildartapþol</i> Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem reiknuð er með í kröfurnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (heildartapþol) skal vera fjárhæðin sem um getur í 72. gr. I reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem samanstendur af: i. eiginfjárgrunni eins og hann er skilgreindur í 118. lið 1. mgr. 4. gr. og 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ii. hæfum skuldbindingum í samræmi við 72. gr. k reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
0020	<b>(Hæfur) eiginfjárgrunnur</b> Ákvæði 118. liðar 1. mgr. 4. gr. og 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 Þegar um er að ræða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skulu gerningar sem falla undir lög þriðja lands eingöngu teknir með í þessa línu og í línurnar 0040 og 0050 ef þeir uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
0030	<b>Almennt eigið fé þáttar 1</b> Ákvæði 50. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
0040	<b>(Hæft) viðbótareigið fé þáttar 1</b> Ákvæði 61. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
0050	<p><b>(Hæfur) eiginfjárbáttur 2</b> Ákvæði 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p>
0060	<p><b>Hæfar skuldbindingar</b> <i>Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar</i> Hæfar skuldbindingar eins og skilgreint er í 71. lið a 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. þeirrar tilskipunar. <i>Heildartapþol</i> Hæfar skuldbindingar í samræmi við 72. gr. k reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p>
0070	<p><b>Liðir hæfra skuldbindinga fyrir leiðréttingar</b> <i>Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar</i> Hæfar skuldbindingar eins og skilgreint er í 71. lið a 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. þeirrar tilskipunar. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir að frádregnum ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykkrar heimildar, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga. <i>Heildartapþol</i> Tilkynna skal um hæfar skuldbindingar sem uppfylla allar kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir að frádreginni eignarhlutdeild í eigin gerningum vegna hæfra skuldbindinga og að frádregnum ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga.</p>
0080	<p><b>Þar af: hæfar skuldbindingar sem taldar eru skipulagslega víkjandi</b> <i>Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar</i> Skuldbindingar sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB, vegna þess að þær eru gefnar út af skilaaðila sem er eignarhaldsfélag og vegna þess að ekki eru neinar undanþegnar skuldir, eins og um getur í 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem flokkast jafngildar eða lægra en gerningar vegna hæfra skuldbindinga. Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Þessi lína skal einnig innihalda hæfar skuldbindingar sem teljast hæfar vegna eldri reglna í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir að frádregnum ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem uppfylla viðmiðin sem tilgreind eru í fyrstu, annarri og þriðju undirgrein þessarar málsgreinar. <i>Heildartapþol</i> Skuldbindingar sem: a) uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og einkum kröfuna sem mælt er fyrir um í iii. lið d-liðar 2. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, en ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í i. eða ii. lið d-liðar þeirrar málsgreinar, eða b) uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema hvað varðar d-lið 2. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, og sem skilastjórnvöld hafa heimilað að teljist gerningar vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 4. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar. Þessi lína skal einnig innihalda hæfar skuldbindingar sem teljast hæfar vegna eldri reglna í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.</p>

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
	Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir að frádregnum ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykkttra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem uppfylla viðmiðin sem tilgreind eru í fyrstu og annarri undirgrein þessarar málsgreinar.
0090	<p><b>Hæfar skuldbindingar sem eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum</b></p> <p><i>Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar</i></p> <p>Hæfar skuldbindingar sem teknar eru með í fjárhæðina fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB, sem eru víkjandi hæfir gerningar eins og skilgreint er í 71. lið b 1. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar, og skuldbindingar sem teknar eru með í fjárhæðina fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 3. mgr. 45. gr. b þeirrar tilskipunar. Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. þeirrar tilskipunar. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir að frádregnum ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykkttra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum.</p> <p><i>Heildartapþol</i></p> <p>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla allar kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að undanskildum skuldbindingum sem heimilað hefur verið að teljist hæfir skuldagerningar í samræmi við 3. eða 4. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir að frádreginni eignarhlutdeild í eigin gerningum vegna hæfra skuldbindinga og að frádregnum ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykkttra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum.</p>
0100	<p><b>Gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem skilaaðili gefur út beint (sem eldri reglur gilda ekki um)</b></p> <p><i>Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar</i></p> <p>Hæfar skuldbindingar sem teknar eru með í fjárhæðina fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB, sem eru víkjandi hæfir gerningar eins og skilgreint er í 71. lið b 1. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar og sem skilaaðili gefur út beint. Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. þeirrar tilskipunar. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykkttra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem gefnir eru beint út af skilaaðilanum sem ekki falla undir eldri reglur.</p> <p><i>Heildartapþol</i></p> <p>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla allar kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að undanskildum skuldbindingum sem heimilað hefur verið að teljist hæfir skuldagerningar í samræmi við 3. eða 4. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar og sem skilaaðili gefur út beint. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykkttra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem gefnir eru beint út af skilaaðilanum sem ekki falla undir eldri reglur.</p> <p>Þessi lína skal hvorki innihalda afskrifaðan hluta gerninga undir þætti 2 þar sem eftirstöðvatíminn er lengri en eitt ár (b-liður 1. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013) né hæfar skuldbindingar sem eldri reglur gilda um skv. 494. gr. b þeirrar reglugerðar.</p>
0110	<p><b>Gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem aðrir aðilar innan skilasamstæðunnar gefa út (sem eldri reglur gilda ekki um)</b></p> <p><i>Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar</i></p> <p>Hæfar skuldbindingar sem teknar eru með í fjárhæðina fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB, sem dótturfélög gefa út og teknar eru með í lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 3. mgr. 45. gr. b þeirrar tilskipunar. Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. þeirrar tilskipunar. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykkttra</p>

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
	heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gernainga vegna hæfra skuldbindinga sem gefnir eru út af öðrum einingum innan skilasmstæðu sem ekki falla undir eldri reglur.

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
	<p><i>Heildartapþol</i></p> <p>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla allar kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að undanskildum skuldbindingum sem heimilað hefur verið að teljist gerningar vegna hæfra skuldbindinga skv. 3. eða 4. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, sem dótturfélög gefa út og teknir eru með í samanlagða gerninga aðila vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 88. gr. a þeirrar reglugerðar. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykkttra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem gefnir eru út af öðrum einingum innan skilasmæðu sem ekki falla undir eldri reglur.</p> <p>Þessi lína skal hvorki innihalda afskrifaðan hluta gerninga undir þætti 2 þar sem eftirstöðvatíminn er lengri en eitt ár (b-liður 1. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013) né hæfar skuldbindingar sem eldri reglur gilda um skv. 494. gr. b þeirrar reglugerðar.</p>
0120	<p><b>Liðir hæfra skuldbindinga sem gefnir voru út fyrir 27. júní 2019</b></p> <p><i>Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar</i></p> <p>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>þær voru gefnar út fyrir 27. júní 2019,</li> <li>þær eru víkjandi hæfir gerningar eins og skilgreindir eru í 71. lið b 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,</li> <li>þær eru teknar með í eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,</li> <li>ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands, skulu þeir uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.</li> </ol> <p>Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykkttra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem gefnir eru út fyrir 27. júní 2019.</p> <p><i>Heildartapþol</i></p> <p>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>þær voru gefnar út fyrir 27. júní 2019,</li> <li> fara að ákvæðum d-liðar 2. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,</li> <li>þær teljast hæfar skuldbindingar vegna eldri reglna í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</li> </ol> <p>Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykkttra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem gefnir eru út fyrir 27. júní 2019.</p>
0130	<p><b>Gerningar undir þætti 2 með a.m.k. eins árs eftirstöðvatíma, að því marki sem þeir eru ekki hæfir sem liðir þáttar 2</b></p> <p>Ákvæði b-liðar 1. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013</p> <p>Þessi lína skal innihalda afskrifaðan hluta gerninga undir þætti 2, þar sem eftirstöðvatíminn er lengri en eitt ár. Einungis fjárhæðin sem ekki er færð í eiginfjárgrunn, en uppfyllir allar hæfisviðmiðanir sem mælt er fyrir um í 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal tilgreind í þessari línu.</p> <p>Ef um er að ræða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skulu gerningar sem falla undir lög þriðja lands eingöngu teknir með í þessa línu ef þeir uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.</p>
0132	<p><b>(-) Eigin gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum</b></p> <p><i>Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar</i></p> <p>Ákvæði 78. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og 2., 3. og 5. mgr. 32. gr. b framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 241/2014</p> <p>Í þessari línu skal setja fram ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykkttra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru víkjandi gagnvart undanskildum</p>

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
	skuldbindingum. Fjárhæðin í þessari línu skal vera jöfn fjárhæðinni í línu 0135 fyrir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar.

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
	<p><i>Heildartapþol</i></p> <p>Ákvæði a-liðar 1. mgr. 72. gr. e og 78. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og 2., 3. og 5. mgr. 32. gr. b framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 241/2014</p> <p>Þessi lína skal innihalda:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>eignarhlutdeild í eigin undirskipuðum gerningum vegna hæfra skuldbindinga sem skal draga frá í samræmi við a-lið 1. mgr. 72. gr. e í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og</li> <li>ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykktar heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum.</li> </ol>
0135	<p><b>(-) Þar af: ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykktar heimilda</b></p> <p><i>Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþol (MREL og TLAC)</i></p> <p>Eftirfarandi fjárhæðir skulu settar fram í þessari línu:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>ónotaðar fjárhæðir sértækrar heimildar, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum,</li> <li>ónotaðar fyrirframsamþykktar fjárhæðir, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum.</li> </ol> <p>Ef almennt fyrirframsamþykki eins og um getur í ii. lið tilgreinir ekki röðun gerninganna sem má kaupa, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa skal setja fram fulla ónýtta fyrirframsamþykktar fjárhæð í þessari línu.</p>
0140	<p><b>Hæfar skuldbindingar sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum</b></p> <p><i>Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar</i></p> <p>Skuldbindingar sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB og eru ekki að fullu víkjandi gagnvart kröfum sem leiða af undanþegnum skuldum sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir að frádregnum ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktar heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru ekki víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum.</p> <p><i>Heildartapþol</i></p> <p>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema hvað varðar d-lið 2. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, og færðar eru sem hæfar skuldbindingar í samræmi við 3. eða 4. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar. Þegar ákvæði 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 gildir skal fjárhæðin sem tilgreind er vera fjárhæðin eftir beitingu þaksins sem mælt er fyrir um í þeirri grein. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir að frádreginni eignarhlutdeild í eigin gerningum vegna hæfra skuldbindinga og að frádregnum ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktar heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum.</p>
0150	<p><b>Hæfar skuldbindingar sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum (sem eldri reglugilda ekki um, fyrir beitingu þaks)</b></p> <p><i>Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar</i></p> <p>Skuldbindingar sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr. 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB og eru ekki að fullu víkjandi gagnvart kröfum sem leiða af undanþegnum skuldum sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktar heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum og falla ekki undir eldri reglur.</p>

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
	<p><i>Heildartapþol</i></p> <p>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema hvað varðar d-lið 2. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, og verður mögulega heimilað að teljast gerningar vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 3. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar eða er heimilað að teljast gerningar vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 4. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykkttra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum og falla ekki undir eldri reglur.</p> <p>Þegar ákvæði 3. mgr. 72. gr. b eða 2. mgr. 494. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 gilda skal tilgreina í þessari línu heildafjárhæðina án beitingar 3,5% og 2,5% þaksins, eftir því sem við á.</p> <p>Þessi lína skal ekki innihalda neinar fjárhæðir sem færðar eru inn á grundvelli umbreytingarákvæðis í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p>
0160	<p><b>Hæfar skuldbindingar sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum, gefnum út fyrir 27. júní 2019 (fyrir beitingu þaks)</b></p> <p><i>Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar</i></p> <p>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:</p> <p>a) þær voru gefnar út fyrir 27. júní 2019,</p> <p>b) uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr. 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB og eru ekki að fullu víkjandi gagnvart kröfum sem leiða af undanþegnum skuldum sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,</p> <p>c) þær teljast hæfar skuldbindingar vegna eldri reglna í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p> <p>Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.</p> <p>Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykkttra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum og voru gefnar út fyrir 27. júní 2019.</p> <p><i>Heildartapþol</i></p> <p>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:</p> <p>a) þær voru gefnar út fyrir 27. júní 2019,</p> <p>b) uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema hvað varðar d-lið 2. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, og verður mögulega heimilað að teljast gerningar vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 3. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar eða er heimilað að teljast gerningar vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 4. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar,</p> <p>c) þær teljast hæfar skuldbindingar vegna eldri reglna í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p> <p>Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykkttra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum og voru gefnar út fyrir 27. júní 2019. Þegar ákvæði 3. mgr. 72. gr. b eða 2. mgr. 494. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eiga við, skal tilgreina í þessari línu heildafjárhæðina án beitingar 3,5% og 2,5% þaksins, eftir því sem við á.</p>
0162	<p><b>(-) Eigin gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum</b></p> <p><i>Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar</i></p> <p>Ákvæði 78. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og 2., 3. og 5. mgr. 32. gr. b framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 241/2014</p> <p>Í þessari línu skal setja fram ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykkttra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru ekki víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum. Fjárhæðin í þessari línu skal vera jöfn fjárhæðinni í línu 0165 fyrir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar.</p>

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
	<p><i>Heildartapþol</i></p> <p>Ákvæði a-liðar 1. mgr. 72. gr. e og 78. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og 2., 3. og 5. mgr. 32. gr. b framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 241/2014</p> <p>Þessi lína skal innihalda:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>eignarhlutdeild í eigin undirskipuðum gerningum vegna hæfra skuldbindinga sem skal draga frá í samræmi við a-lið 1. mgr. 72. gr. e í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og</li> <li>ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykkttra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru ekki víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum.</li> </ol>
0165	<p><b>(-) Þar af: ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykkttra heimilda</b></p> <p><i>Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþol (MREL og TLAC)</i></p> <p>Eftirfarandi fjárhæðir skulu settar fram í þessari línu:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>ónotaðar fjárhæðir sértækrar heimildar, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru ekki víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum,</li> <li>ónotaðar fyrirframsamþykktar fjárhæðir, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru ekki víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum.</li> </ol> <p>Ef almennt fyrirframsamþykki eins og um getur í ii. lið tilgreinir ekki röðun gerninganna sem má kaupa, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa skal setja fram fulla ónýtta fyrirframsamþykktta fjárhæð í línu 0135, en ekki í þessari línu.</p>
0170	<p><b>Hæfar fjárhæðir eftir beitingu þaksins skv. 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (sem eldri reglur gilda ekki um)</b></p> <p><i>Heildartapþol</i></p> <p>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema hvað varðar d-lið 2. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, eftir beitingu ákvæða 3. til 5. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, að undanskildum skuldbindingum sem færðar eru samkvæmt eldri reglum og settar eru fram í 3. mgr. 494. gr. b þeirrar reglugerðar.</p> <p>Þegar ákvæði 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eiga við og fram til 31. desember 2021 skal fjárhæðin sem tilgreind er í þessari línu vera fjárhæðin eftir beitingu ákvæða 2. mgr. 494. gr. þeirrar reglugerðar (2,5% þak).</p>
0180	<p><b>Hæfar fjárhæðir eftir beitingu þaksins skv. 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem samanstanda af liðum útgefnum fyrir 27. júní 2019</b></p> <p><i>Heildartapþol</i></p> <p>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>þær voru gefnar út fyrir 27. júní 2019,</li> <li>þær uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema hvað varðar d-lið 2. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, eftir beitingu ákvæða 3. til 5. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar,</li> <li>þær teljast hæfar skuldbindingar vegna eldri reglna í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</li> </ol> <p>Þegar ákvæði 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eiga við og fram til 31. desember 2021 skal fjárhæðin sem tilgreind er í þessari línu vera fjárhæðin eftir beitingu ákvæða 2. mgr. 494. gr. þeirrar reglugerðar (2,5% þak).</p>
0190	<p><b>(-) Frádráttur</b></p>
0200	<p><b>(-) Áhættuskuldbindingar milli skilasamstæðna í margvíðri skilaaðgerð</b></p> <p><i>Heildartapþol</i></p> <p>Þessi lína á að endurspegla frádráttinn af áhættuskuldbindingum milli skilasamstæðna í margvíðri skilaaðgerð (e: <i>multiple point of entry (MPE)</i>) sem eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu, sem samsvarar beinum, óbeinum eða tilbúnum eignarhlut (e: <i>synthetic holdings</i>) í eiginfjárgrunnsgerningum eða gerningum vegna hæfra skuldbindinga eins eða fleiri dótturfélaga sem ekki tilheyra sömu skilasamstæðu og skilaaðilinn, í samræmi við 4. mgr. 72. gr. e reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p>

Dáلكur	Lagastoðir og leiðbeiningar
	<b>(-) Fjárfestingar í öðrum gerningum vegna hæfra skuldbindinga</b> <i>Heildartapþol</i>
0211	Aðilar skulu tilgreina frádráttinn af fjárfestingum í öðrum gerningum vegna hæfra skuldbindinga, eins og um getur í 72. gr. e (b-, c- og d-liður 1. mgr.), 72. gr. e (2. og 3. mgr.) og 72. gr. g til 72. gr. j reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þar sem fjárhæðin sem draga á frá liðum hæfra skuldbindinga er ákvörðuð í samræmi við 2. þátt 5. kafla a I. bóls í öðrum hluta þeirrar reglugerðar.
0220	<b>Frádráttur frá hæfum skuldbindingum sem fer umfram hæfar skuldbindingar</b> Hæfar skuldbindingar geta ekki verið neikvæðar en mögulegt er að fjárhæð frádráttar frá hæfum skuldbindingum fari umfram fjárhæð hæfra skuldbindinga. Þegar það gerist skulu hæfu skuldbindingarnar vera jafnt og núll og umframfrádrátturinn dragast frá þætti 2 í samræmi við c-lið 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Með þessum lið næst fram að hæfu skuldbindingarnar eins og tilgreindar í línu 0060 eru aldrei lægri en núll.
0400–0500	<b>Minnisatriði</b>
0400	<b>Almennt eigið fé þáttar 1 (%) sem er tiltækt eftir að kröfur aðilans hafa verið uppfylltar</b> Fjárhæðin á almennu eigin fé þáttar 1, jöfn og núll eða jákvæð, sem tiltæk er eftir að sérhver krafa sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 141. gr. a tilskipunar 2013/36/ESB <sup>(2)</sup> hefur verið uppfyllt, og sú hærri af: a) eftir atvikum, kröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu sem mælt er fyrir um í 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (krafa um heildartapþol), þegar hún er reiknuð út í samræmi við a-lið 1. mgr. þeirrar greinar, b) lágmarkskröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, þegar hún er reiknuð út í samræmi við a-lið 2. mgr. 45. gr. þeirrar tilskipunar. Tiltækt almennt eigið fé þáttar 1 skal sett fram sem hlutfall af heildaráhættugrunnsfjárhæðinni eins og hún er tilgreind í línu 0100 í sniðmáti M 01.00. Talan sem tilgreind er skal vera sú sama bæði í dálknum um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþolsdálknum. Í henni skal taka tillit til áhrifanna af umbreytingarákvæðum á eiginfjárgrunninn og hæfar skuldbindingar, heildaráhættugrunninn og kröfurnar sjálfar. Hvorki leiðbeiningarnar um viðbótareiginfjárgrunn eins og um getur í 104. gr. b tilskipunar 2013/36/ESB, né samanlagða eiginfjárukakrafan í 6. lið fyrstu undirgreinar 128. gr. þeirrar tilskipunar skulu teknar til greina.
0410	<b>Samanlögð krafa um eiginfjáruka (%)</b> Ákvæði 6. liðar fyrstu undirgreinar 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB Samanlagða eiginfjárukakrafan skal gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni.
0420	<b>þar af: krafa um verndunarauka</b> Fjárhæð samanlagðs eiginfjáruka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um verndunarauka.
0430	<b>þar af: krafa um sveiflujöfnunarauka</b> Fjárhæð samanlagðs eiginfjáruka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um sveiflujöfnunarauka.

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lána-stofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2013/36/oj>).

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
0440	<b>Þar af: krafa um eiginfjárouka vegna kerfisáhættu</b> Fjárhæð samanlagðs eiginfjárouka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um eiginfjárouka vegna kerfisáhættu.
0450	<b>Þar af: Eiginfjárouki fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (G-SII) eða aðra kerfislega mikilvæga stofnun (O-SII)</b> Fjárhæð samanlagðs eiginfjárouka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu eða aðra kerfislega mikilvæga stofnun.
0460	<b>Fjárfestingar í víkjandi hæfum skuldbindingum annarra stofnana</b> Stöðurnar sem tilkynntar eru í þessari línu og í línunum 0470 til 0490 skulu ákvarðaðar að teknu tilliti til meginreglnanna sem mælt er fyrir um í 72. gr. h reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (hreinar gnóttstöður, gegnsæisaðferð).
0470	<b>Fjárfestingar í víkjandi hæfum skuldbindingum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu</b> Fjárhæð eignarhluta í gerningum vegna hæfra skuldbindinga, eins og um getur í 2. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að undanskildum gerningum skv. 3. til 5. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, sem kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu gefa út.
0480	<b>Fjárfestingar í víkjandi hæfum skuldbindingum annarra kerfislega mikilvægra stofnana</b> Fjárhæð eignarhluta í gerningum vegna hæfra skuldbindinga, eins og um getur í 2. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir gefa út. Fjárfestingar í víkjandi hæfum skuldbindingum annarra kerfislega mikilvægra stofnana sem á sama tíma eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu skulu ekki tilgreindar í þessari línu, heldur eingöngu í línu 0470.
0490	<b>Fjárfestingar í víkjandi hæfum skuldbindingum annarra stofnana</b> Fjárhæð eignarhluta í gerningum vegna hæfra skuldbindinga, eins og um getur í 2. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem stofnanir sem hvorki eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu né aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir gefa út.
0500	<b>Undanþegnar skuldir</b> Ákvæði 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013
0600	<b>Sértæk heimild fyrir liði hæfra skuldbindinga: Fyrirframkvörðuð fjárhæð</b> Fjárhæðir sem falla undir sértæka fyrirframheimild til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa tiltekna eiginfjárgrunnsgerninga í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 78. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ásamt 2. mgr. 32. gr. b í framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 skulu settar fram í þessari línu. Þær skulu innihalda bæði nýttar og ónýttar fjárhæðir.
0610	<b>Almennt fyrirframleyfi fyrir liði hæfra skuldbindinga: Fyrirframkvörðuð fjárhæð</b> Fjárhæðir sem falla undir almennt fyrirframsamþykki til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa gerninga vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 78. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ásamt 3. og 5. mgr. 32. gr. b í framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 skulu settar fram í þessari línu. Þær skulu innihalda bæði nýttar og ónýttar fjárhæðir.

## 2.2. M 03.00 – Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og innra heildartappöl (ILAC)

### 2.2.1. Almennar athugasemdir

4. Með sniðmáti M 03.00 eru eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sett fram að því er varðar:
  - a) kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar aðila sem sjálfir eru ekki skilaaðilar skv. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB (innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar), og
  - b) kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu utan Sambandsins sem gildir um mikilvæg dótturfélög kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu í þriðja landi skv. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (innra heildartappöl).

5. Aðilar sem falla undir lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skulu færa inn í dálkinn sem vísar til innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45. gr. og 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB. Eingöngu þeir aðilar sem ber skylda til að uppfylla kröfuna sem mælt er fyrir um í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu tilgreina liði sem vísa til kröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (heildartapþol).

## 2.2.2. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður

Dálkar	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	<b>Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar</b> Ákvæði 45. gr. og 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB.
0020	<b>Innra heildartapþol</b> Ákvæði 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	<b>Beitingarstig</b> Ef aðilinn fellur undir innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, og eftir atvikum innra heildartapþol, á einingargrunni, skal hann tilgreina „einstök“. Ef aðilinn fellur undir innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, og eftir atvikum innra heildartapþol, á samstæðugrunni, skal hann tilgreina „samsteypt“.
0100–0110	<b>Fjárhæð heildaráhættugrunns og heildarmælistærð áhættuskuldbindingar</b>
0100	<b>Heildaráhættugrunnur</b> Ákvæði a-liðar 2. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Heildaráhættugrunnurinn sem tilgreindur er í þessari línu skal vera heildaráhættugrunnurinn sem er grunnurinn að reglufylgni við kröfurnar í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eftir því sem við á.
0110	<b>Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar</b> Ákvæði 45. gr. (b-liðar 2. mgr.) tilskipunar 2014/59/ESB, 429. gr. (4. mgr.) og 429. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar sem tilgreind er í þessari línu skal vera heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar sem er grunnurinn að reglufylgni við kröfurnar í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eftir því sem við á.
0200–0295	<b>Hæfur eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar</b>

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0200	<p><b>Hæfur eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar</b></p> <p><i>Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar</i></p> <p>Samtala hæfs eiginfjárgrunns, hæfra skuldbindinga og trygginga sem heimilað er að telja með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB og einnig að teknu tilliti til, eftir atvikum, fjórðu undirgreinar þeirrar 2. mgr. 89. gr. þeirrar tilskipunar.</p> <p>Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.</p> <p>Fjárhæðin sem sett er fram í þessari línu skal vera fjárhæðin eftir frádráttinn í samræmi við 5. mgr. 72. gr. e reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p> <p><i>Innra heildartapþol</i></p> <p>Hæfur eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem heimilað er að telja með í innra heildartapþol í samræmi við 2. og 3. mgr. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Fjárhæðin sem sett er fram í þessari línu skal vera fjárhæðin eftir frádráttinn í samræmi við 5. mgr. 72. gr. e reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p>
0210	<p><b>Hæfur eiginfjárgrunnur</b></p> <p>Samtalan á almennu eigin fé þáttar 1, hæfu viðbótareiginfé þáttar 1 og hæfum eiginfjárþætti 2</p> <p>Ef um er að ræða innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skulu gerningar sem um getur í fjórðu undirgrein 2. mgr. 89. gr. tilskipunar 2014/59/ESB teknir með í þessa línu og í línur 0230 og 0240, eftir því sem við á.</p> <p>Gerningar sem falla undir lög þriðja lands skulu eingöngu teknir með í þessa línu og í línur 0230 og 0240 ef þeir uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. þeirrar tilskipunar.</p>
0220	<p><b>Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)</b></p> <p>Ákvæði 50. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p>
0230	<p><b>Hæft viðbótareigiðfé þáttar 1</b></p> <p>Ákvæði 61. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013</p> <p><i>Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar</i></p> <p>Gerningar skulu eingöngu teknir til greina ef þeir uppfylla viðmiðanirnar sem um getur í ii. lið b-liðar 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB.</p> <p><i>Innra heildartapþol</i></p> <p>Gerningar skulu eingöngu teknir til greina ef þeir uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p>
0240	<p><b>Hæfur eiginfjárþáttur 2</b></p> <p>Ákvæði 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013</p> <p><i>Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar</i></p> <p>Gerningar skulu eingöngu teknir til greina ef þeir uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í ii. lið b-liðar 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB.</p> <p><i>Innra heildartapþol</i></p> <p>Gerningar skulu eingöngu teknir til greina ef þeir uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p>

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0250	<b>Hæfar skuldbindingar og tryggingar</b>
0260	<p><b>Hæfar skuldbindingar (að undanskildum tryggingum)</b></p> <p><i>Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar</i></p> <p>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í a-lið 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, og einnig að teknu tilliti til, eftir atvikum, fjórðu undirgreinar 2. mgr. 89. gr. þeirrar tilskipunar.</p> <p>Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.</p> <p>Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykkttra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga.</p> <p><i>Innra heildartapþol</i></p> <p>Reikna skal út fjárhæð hæfra skuldbindinga í samræmi við 72. gr. k reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 þegar þessar skuldbindingar uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 92. gr. b þeirrar reglugerðar.</p> <p>Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykkttra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga.</p>
0265	<p><b>(-) Eigin gerningar vegna hæfra skuldbindinga: Ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykkttra heimilda</b></p> <p>Eftirfarandi fjárhæðir skulu settar fram í þessari línu:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>i. ónotaðar fjárhæðir sértækrar heimildar, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga,</li> <li>ii. ónotaðar fyrirframsamþykktar fjárhæðir, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga.</li> </ol>
0270	<p><b>Tryggingar sem skilaaðili leggur fram og skilastjórnvaldið heimilar</b></p> <p>Ef skilastjórnvald dótturfélagsins heimilar gagnaskilaaðilanum að uppfylla kröfuna um innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar með tryggingum, skal tilgreina tryggingafjárhæðirnar sem skilaaðili leggur fram og uppfylla öll skilyrðin sem sett eru fram í 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB.</p>
0280	<p><b>Minnisatriði: Veðsettur hluti tryggingarinnar</b></p> <p>Sá hluti tryggingarinnar sem tilgreindur er í línu 0270 sem er veðsettur í gegnum fjárhagslega tryggingarráðstöfun eins og um getur í c-lið 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB.</p>
0290	<p><b>(-) Eiginfjárgrunnsgerningar og gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem gefnir eru út af einingum sem eru ekki skilaaðilar sömu skilasamstæðu</b></p> <p>Eignarhlutdeild í eiginfjárgrunnsgerningum og gerningum vegna hæfra skuldbindinga sem skal draga frá í samræmi við 5. mgr. 72. gr. e reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og fimmtu undirgrein 2. mgr. a í 45. gr. c tilskipunar 2014/59/ESB skal setja fram í þessari línu.</p> <p>Nota skal hlutfallið sem sett er fram í línu 0630 að því er varðar útreikninginn á frádrætti skv. 2. mgr. a 45. gr. c í tilskipun 2014/59/ESB.</p>

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0293	<p><b>(-) Þar af: Eiginfjárgrunnsgerningar gefnir út af einingum í skiptameðferð</b></p> <p>Tilkynna skal um fjárfestingar í eiginfjárgrunnsgerningum sem gefnir eru út af einingum í skiptameðferð innan sömu skilasamstæðu, sem skilastjórnvaldið ákvarðaði ekki lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir í samræmi við 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, sem skal draga frá í samræmi við fimmtu undirgrein 2. mgr. a 45. gr. c í tilskipun 2014/59/ESB.</p> <p>Nota skal hlutfallið sem sett er fram í línu 0630 að því er varðar útreikninginn á frádrætti skv. 2. mgr. a 45. gr. c í tilskipun 2014/59/ESB.</p>
0295	<p><b>Frádráttur frá hæfum skuldbindingum sem fer umfram hæfar skuldbindingar</b></p> <p>Hæfar skuldbindingar geta ekki verið neikvæðar en mögulegt er að fjárhæð frádráttar frá hæfum skuldbindingum fari umfram fjárhæð hæfra skuldbindinga. Þegar það gerist skulu hæfu skuldbindingarnar vera jafnt og núll og umframfrádrátturinn dragast frá þætti 2 í samræmi við e-lið 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p> <p>Með þessum lið næst fram að hæfu skuldbindingarnar eins og tilgreindar í línu 0251 eru aldrei lægri en núll.</p>
0400–0440	<b>Hlutfallstölur hæfs eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga</b>
0400	<p><b>Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildaráhættugrunni</b></p> <p>Fjárhæðir hæfs eiginfjárgrunns, hæfra skuldbindinga og heimilaðra trygginga gagnaskilaaðilans sem reiknaðar eru með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og innra heildartapþol, eftir því sem við á, gefnar upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p>
0410	<p><b>Þar af: heimilaðar tryggingar</b></p> <p>Fjárhæðir hæfs eiginfjárgrunns, hæfra skuldbindinga og heimilaðra trygginga gagnaskilaaðilans sem eru tryggingar lagðar fram af skilaaðila og viðurkenndar af skilastjórnvaldinu í samræmi við 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, sem reiknaðar eru með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og gefnar upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p>
0420	<p><b>Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar</b></p> <p>Fjárhæðir hæfs eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga gagnaskilaaðilans sem reiknaðar eru með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og innra heildartapþoli, eftir því sem við á, gefnar upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar, reiknað út í samræmi við 4. mgr. 429. gr. og 429. gr. a þeirrar reglugerðar.</p>
0430	<p><b>Þar af: heimilaðar tryggingar</b></p> <p>Fjárhæðir hæfs eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga gagnaskilaaðilans sem eru tryggingar lagðar fram af skilaaðila og viðurkenndar af skilastjórnvaldinu í samræmi við 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB sem reiknaðar eru með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og gefnar upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar, reiknuð út í samræmi við 4. mgr. 429. gr. og 429. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p>

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0440	<p><b>Almennt eigið fé þáttar 1 (%) sem er tiltækt eftir að kröfur aðilans hafa verið uppfylltar</b>Fjárhæðin á almennu eigin fé þáttar 1, jöfn og núll eða jákvæð, sem tiltæk er eftir að sérhver krafa sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 141. gr. a tilskipunar 2013/36/ESB hefur verið uppfyllt, og sú hærri af:</p> <p>a) eftir atvikum, kröfunni um innra heildartapþol skv. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þegar reiknuð er út í samræmi við 1. mgr. 92. gr. b þeirrar reglugerðar sem 90% af kröfunni í a-lið 1. mgr. 92. gr. a þeirrar reglugerðar,</p> <p>b) kröfunni um innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skv. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, þegar reiknuð er út í samræmi við a-lið 2. mgr. 45. gr. þeirrar tilskipunar.</p> <p>Tiltækt almennt eigið fé þáttar 1 skal sett fram sem hlutfall af heildaráhættugrunni eins og tilgreindur er í línu 0100.</p> <p>Talan sem tilgreind er skal vera sú sama bæði í dálknum fyrir innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og dálknum fyrir innra heildartapþol.</p> <p>Í henni skal taka tillit til áhrifanna af umbreytingarákvæðum á eiginfjárgrunninn og hæfar skuldbindingar, heildaráhættugrunninn og kröfurnar sjálfar. Hvorki leiðbeiningarnar um viðbótareiginfjárgrunn eins og um getur í 104. gr. b tilskipunar 2013/36/ESB, né samanlagða eiginfjárukakrafan í 6. lið fyrstu undirgreinar 128. gr. þeirrar tilskipunar skulu teknar til greina.</p>
0500–0550	<b>Minnisatriði</b>
0500	<p><b>Samanlögð krafa um eiginfjáruka (%)</b></p> <p>Ákvæði 6. liðar fyrstu undirgreinar 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB</p> <p>Samanlagða eiginfjárukakrafan skal gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni.</p>
0510	<p><b>þar af: krafa um verndunarauka</b></p> <p>Fjárhæð samanlagðs eiginfjáruka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um verndunarauka.</p>
0520	<p><b>þar af: krafa um sveiflujöfnunarauka</b></p> <p>Fjárhæð samanlagðs eiginfjáruka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um sveiflujöfnunarauka.</p>
0530	<p><b>þar af: krafa um eiginfjáruka vegna kerfisáhættu</b></p> <p>Fjárhæð samanlagðs eiginfjáruka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um eiginfjáruka vegna kerfisáhættu.</p>
0540	<p><b>þar af: Eiginfjáruki fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (G-SII) eða aðra kerfislega mikilvæga stofnun (O-SII)</b></p> <p>Fjárhæð samanlagðs eiginfjáruka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu eða aðra kerfislega mikilvæga stofnun.</p>

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0550–0600	<p><b>Aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar</b></p> <p>Aðilar sem, á skiladegi þeirra upplýsinga, eiga fjárhæðir í eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum sem svara til a.m.k. 150% kröfunnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB skulu undanþegnir því að tilkynna upplýsingarnar í línunum 0550 til 0600. Slíkir aðilar geta að eigin frumkvæði valið að tilgreina þær upplýsingar í þessu sniðmáti.</p> <p>Ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykktar heimildar, að því marki sem heimildin tekur til gernings vegna hæfra skuldbindinga, teljast sem aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar að því er varðar þessar línur.</p>
0550	<p><b>Aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar</b></p> <p>Fjárhæðin fyrir eftirgefanlegar skuldbindingar, eins og skilgreind er í 71. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, sem ekki er hæf til að uppfylla kröfurnar í 45. gr. og 45. gr. f þeirrar tilskipunar.</p>
0560	<p><b>Þar af: sem falla undir lög þriðja lands</b></p> <p>Fjárhæðin fyrir aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar sem falla undir lög þriðja lands eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.</p>
0570	<p><b>Þar af: sem innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB</b></p> <p>Fjárhæðin fyrir aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar sem falla undir lög þriðja lands og innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.</p>
0580–0600	<p><b>Sundurliðun annarra eftirgefanlegra skuldbindinga samkvæmt eftirstöðvatíma</b></p>
0580	Eftirstöðvatími < 1 ár
0590	Eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár
0600	Eftirstöðvatími >= 2 ár
0610	<p><b>Undanþegnar skuldir</b></p> <p>Ákvæði 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p>
0620	<p><b>Eiginfjárgrunnsgerningar sem gefnir eru út af einingum í skiptameðferð innan sömu skilasamstæðu</b></p> <p>Eignarhlutdeild í eiginfjárgrunnsgerningum sem gefnir eru út af einingum sem eru ekki skilaaðilar en eru í skiptameðferð, sem skilastjórnvaldið ákvarðaði ekki lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir í samræmi við 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.</p> <p>Þessa fjárhæð skal setja fram í þessari línu án tillits til þess hvort skilyrðin sem mælt er fyrir um í fimmtu undirgrein 2. mgr. a í 45. gr. c tilskipunar 2014/59/ESB eru uppfyllt.</p>
0630	<p><b>Hlutfall eignarhlutdeilda í eiginfjárgrunnsgerningum sem gefnir eru út af einingum í skiptameðferð af hæfum eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum</b></p> <p>Ákvæði 2. mgr. a 45. gr. c í tilskipun 2014/59/ESB.</p> <p>Hlutfallið skal eingöngu reiknað fyrir skiladagsetninguna 31. desember. Að því er varðar aðrar viðmiðunardagsetningar skal setja fram hlutfallið sem er reiknað frá og með 31. desember næstliðins árs.</p>

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
	<p>Hlutfallið skal sett fram með eftirfarandi hætti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— Teljari: Meðaltal tólf mánaðarlegra verðgilda eignarhlutdeildar í eiginfjárgrunnsgerningum á viðkomandi almanaksári sem gefnir eru út af einingum sem eru ekki skilaaðilar en eru í skiptameðferð, sem skilastjórnvaldið ákvarðaði ekki lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir í samræmi við 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.</li> <li>— Nefnari: Meðaltal tólf mánaðarlegra verðgilda eignarhlutdeildar í eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum á viðkomandi almanaksári reiknað út án tillits til frádráttar á eignarhlutdeild í eiginfjárgrunnsgerningum skv. fimmtu undirgrein 2. mgr. a í 45. gr. c tilskipunar 2014/59/ESB.</li> </ul>

### 2.3. M 04.00 – Fjármögnunarskipulag hæfra skuldbindinga (LIAB-MREL)

#### 2.3.1. Almennar athugasemdir

6. Í þessu sniðmáti þarf að fylla út upplýsingar um fjármögnunarskipulag hæfra skuldbindinga aðila sem falla undir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Hæfar skuldbindingarnar eru sundurliðaðar eftir tegund skuldbindingar og líftíma.
7. Aðilar skulu einungis tilgreina skuldbindingar sem hæfar eru til að uppfylla lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/59/ESB (MREL /innri MREL) í þessu sniðmáti.
8. Ef gagnaskilaaðilinn er skilaaðili skal tilgreina hæfar skuldbindingar eins og skilgreindar eru í 71. lið a 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykkttra heimilda. Ef um er að ræða hæfar skuldbindingar sem falla undir lög þriðja lands skal einungis taka með þær skuldbindingar sem uppfylla kröfurnar í 55. gr. þeirrar tilskipunar.
9. Ef gagnaskilaaðilinn er annar aðili en skilaaðili skal hann tilgreina hæfar skuldbindingar eins og um getur í a-lið 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB í þessu sniðmáti, og einnig taka, eftir atvikum, tillit til fjórðu undirgreinar 2. mgr. 89. gr. þeirrar tilskipunar fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykkttra heimilda. Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. þeirrar tilskipunar.
10. Sundurliðunin eftir tegund skuldbindingar byggist á sama mengi skuldbindingategunda sem notað er í skýrslugjöf um gerð áætlana um skilameðferð í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1624. Tilvísanir til þeirrar framkvæmdarreglugerðar eru veittar til að skilgreina mismunandi tegundir skuldbindinga.
11. Ef krafist er sundurliðunar líftíma skal eftirstöðvatíminn vera tíminn fram að samningsbundna gjald-daganum eða, í samræmi við skilyrðin í 2. eða 3. mgr. 72. gr. c reglugerð (ESB) nr. 575/2013, dagsetningin sem fyrst er mögulegt að nýta valréttinn. Ef um er að ræða áfangagreiðslur á höfuðstól, skal höfuðstólnum skipt upp og úthlutað á samsvarandi líftímabil. Eftir atvikum skal taka tillit til líftímans, aðskilið fyrir bæði höfuðstól og áfallna vexti.

## 2.3.2. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0100	<b>HÆFAR SKULDBINDINGAR</b>
0200	<b>Innstæður, ekki tryggðar og ekki með forgangi <math>\geq 1</math> ár</b> Innstæður, ekki tryggðar og ekki með forgangi, eins og skilgreindar eru að því er varðar línu 0320 í sniðmáti Z 02.00 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1624, sem eru hæfar skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
0210	<b>þar af: eftirstöðvatími <math>\geq 1</math> ár og <math>&lt; 2</math> ár</b>
0220	<b>þar af: eftirstöðvatími <math>\geq 2</math> ár</b>
0230	<b>þar af: útgefnar af dótturfélögum</b>
0300	<b>Óveðsettar tryggðar skuldbindingar <math>\geq 1</math> ár</b> Innstæður, ekki tryggðar og ekki með forgangi, eins og skilgreint er að því er varðar línu 0340 í sniðmáti Z 02.00 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1624, sem eru hæfar skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
0310	<b>þar af: eftirstöðvatími <math>\geq 1</math> ár og <math>&lt; 2</math> ár</b>
0320	<b>þar af: eftirstöðvatími <math>\geq 2</math> ár</b>
0330	<b>þar af: útgefnar af dótturfélögum</b>
0400	<b>Samsettar skuldaviðurkenningar <math>\geq 1</math> ár</b> Samsettar skuldaviðurkenningar, eins og skilgreindar eru að því er varðar línu 0350 í sniðmáti Z 02.00 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1624, sem eru hæfar skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
0410	<b>þar af: eftirstöðvatími <math>\geq 1</math> ár og <math>&lt; 2</math> ár</b>
0420	<b>þar af: eftirstöðvatími <math>\geq 2</math> ár</b>
0430	<b>þar af: útgefnar af dótturfélögum</b>
